

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um starfsemi afeitrunardeildar  
fyrir ólögráða ungmenni á Landspítala.

Frá Sigmari Guðmundssyni.

- Hversu mikið fjármagn er eyrnamerkt fyrir afeitrunardeild fyrir ólögráða ungmenni, 33D, sem er sérhæfð fíknigeðdeild í húsi geðþjónustu Landspítala á Hringbraut?
- Hversu mörg stöðugildi eru í deildinni og hversu margar vinnustundir voru skráðar á hana síðastliðið ár?
- Hversu margar innlagnir hafa verið á deildina síðastliðið ár og hversu margar þeirra voru í þeim tilgangi að afeitra einstaklinga?
- Hver er meðaltími innlagnar vegna afeitrunar á deildina?
- Í hvaða formi er stuðningur og ráðgjöf til ungmenna sem leggjast inn á deildina?
- Hvaða úrræði taka við eftir að afeitrun hefur farið fram á deildinni?

Skriflegt svar óskast.